

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 265/2013 um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.

1. gr.

F-liður 2. gr. reglugerðarinnar fellur brott og í stað hans kemur nýr F-liður sem orðast svo:
Frá og með 1. september til og með 31. maí á svæði sem afmarkast af línu sem dregin er milli eftирgreindra punkta:

1. $63^{\circ}47,60'N - 021^{\circ}23,00'V$
2. $63^{\circ}49,60'N - 021^{\circ}23,00'V$
3. $63^{\circ}49,60'N - 021^{\circ}25,00'V$
4. $63^{\circ}50,30'N - 021^{\circ}26,10'V$
5. $63^{\circ}50,50'N - 021^{\circ}27,20'V$
6. $63^{\circ}49,00'N - 021^{\circ}33,60'V$
7. $63^{\circ}47,51'N - 021^{\circ}33,00'V$
8. $63^{\circ}47,00'N - 021^{\circ}34,60'V$
9. $63^{\circ}46,60'N - 021^{\circ}35,10'V$

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar fellur brott og í stað hennar kemur ný 3. gr. sem orðast svo:

Allar veiðar með togvörpu og dragnót eru bannaðar umhverfis Vestmannaeyjar innan línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki eftirgreindra eyja og skerja: Elliðaeyjar, Bjarnareyjar, Heimaeyjar, Suðureyjar, Helliseyjar, Súlnaskers, Geirfuglaskers, Geldungs, Álseyar, Grasleysu, Þrídranga og Einidrangs. Að norðan markast svæðið af línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. reglugerð nr. 732/1997.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru veiðar með dragnót og fótreipisvörpu heimilaðar á eftirgreindu svæði og tíma:

- A. Frá og með 21. febrúar til og með 15. maí á svæði vestan línu, sem dregin er í réttvisandi norður frá Heimaey, þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman og norðan og vestan línu, sem dregin er frá Heimaey um Grasleysu í Þrídranga, þaðan í Einidrang og síðan í réttvisandi suður.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru veiðar með dragnót heimilaðar á eftirgreindu svæði og tíma:

- B. Frá og með 16. maí til og með 31. júlí á svæði, sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $63^{\circ}22'N - 20^{\circ}24'V$
2. $63^{\circ}22'N - 20^{\circ}30'V$
3. $63^{\circ}26'N - 20^{\circ}28'V$
4. $63^{\circ}26'N - 20^{\circ}22'V$

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiði-landhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 148/1998 um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. apríl 2013.

F. h. r.

Hrefna Karlsdóttir.

Arnór Snæbjörnsson.